

Fundur skólaráðs fimmtudaginn 22. maí 2014

Fundinn sátu: Halldóra skólastjóri, Geirlaug fulltrúi foreldra, Rannveig fulltrúi grenndarsamfélags (Laut), Rósa og Valdís fulltrúar kennara, og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Halldóra bauð alla velkomna.

1. Vorgleði – hátíðin verður flutt á Hópsskólasvæðið og tengist Sjóaranum síkátá.
2. Skóladagatal lagt fram og rætt. Dagatalið var samþykkt eins og það liggur fyrir núna.
3. Skólastjóri fór yfir það helsta sem fram kom í starfsmannasamtölum.
4. Staðan næsta skólaár. Skólastjóri fór yfir starfsmannahaldið. Tveir kennarar eru að fara í leyfi, þrír eru í fæðingarorlofi, þrír eru að hætta og einn kemur úr orlofi. Búið er að ráða tvo nýja kennara og 4 sem voru með ársráðningu halda áfram. Enn vantar í fjórar stöður umsjónarkennara. Tveir stuðningsfulltrúar fara í fæðingarorlof og þroskaþjálfarnir tveir verða áfram.
5. Önnur mál
  - a) Einn fundur eftir í vetur þar sem verður fjallað um mat á skólastarfi. Stefnt verður að fundi í annarri viku júní t.d. þriðjudaginn 10. Kl. 11:00